



Skýrsla æskulýðsnefndar Blæs

2013-2014



Í æskulýðsnefnd 2013-2014 sátu Þórhalla Ágústsdóttir æskulýðsfulltrúi, Rósa Dögg Þórsdóttir, Anna Bergljót Sigurðardóttir, Guðrún Smáradóttir, Heiðrún Þorsteinsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og María Katrín Jónsdóttir.

Í Blæ er lögð áhersla á að halda uppi virku og öflugu æskulýðsstarfi enda er það grunnurinn að framtíð félagsins. Reynt er að hafa sem flesta viðburði á vegum félagsins við hæfi allra aldurshópa og brúa kynslóðabilið sem víðast. Þannig eru félagsreiðtúrar t.d. miðaðir við að krakkar geti tekið þátt í þeim og hestaferð félagsins er við hæfi allra sem orðnir eru þokkalega hestfærir. Félagsaðstaðan okkar er að komast í endanlegt horf og hugsum við okkur gott til glóðarinnar að efla æskulýðsstarfið enn frekar með stórbættri aðstöðu til námskeiðahalds og annarar vinnu innandyrna.

Æskulýðsstarfið hófst í desember þar sem krakkarnir hittust og bjuggu til hestanammi saman og meðan það bakaðist voru ýmis hestamyndbönd stúderuð.

Í janúar hófst röð **hesthúsaheimsókna** en þær hafa áður verið á dagskrá æskulýðsdeildarinnar og eru mjög skemmtilegar. Annan hvern fimmtudag fóru krakkarnir ásamt nefndarmeðlimum og foreldrum í heimsókn til hestafólks í Norðfirði sem tók vel á móti ungviðinu. Einn staður var heimsóttur hverju sinni og fengu krakkarnir að kynnst og aðstoða við daglega umhirðu hestanna, klappa þeim og stundum að skreppa á bak, ásamt því að fara í leiki og fá sér hressingu. Þessar heimsóknir gengu mjög vel og voru vinsælar og eiga gestgjafar heiður skilinn fyrir móttökurnar. Krakkarnir höfðu mjög gaman af því að komast nær hestunum í starfinu auk þess sem þeir kynntust hestafólkinu betur og eflðu tengslin milli yngri og eldri félaga. Auk þessara hesthúsaheimsókna sem voru opnar öllum aldurshópum og yngri deildin nýtti mjög vel, voru skemmtikvöld á dagskránni fyrir allan aldur. Vetrarstarfinu var svo slútt að með pylsuáti, leikjum og jafnvægisæfingum á hestum í síðustu hesthúsaheimsókninni.

Knapamerkjanámskeið var haldið í fyrsta sinn á vegum Blæs í vetur og tóku 9 krakkar úr æskulýðsdeildinni þátt í því. Nú er bæði reiðhöll og félagsaðstaða fullbúin og mikill munur á allri aðstöðu til námskeiðahalds en vetrarnámskeið hafa hingað til reynst okkur afar erfið vegna aðstöðuleysis. Ragnheiður Samúelsdóttir var reiðkennarinn okkar og kenndi knapamerki 1 og 2 á tímabilinu janúar-apríl auk þess að bjóða uppá einkatíma. Það var frábært að fá hana til okkar og skilaði mjög góðum árangri. Verkefnið var þó stórt, dýrt og krefjandi fyrir lítið félag sem þarf að fá reiðkennara langt að, en virkilega þess virði að geta boðið upp á þetta nám fyrir æskulýðinn okkar. Það voru stoltir nemendur sem tóku við útskriftarskírteinum fyrir gott og viðurkennt nám í hestamennsku og unnu sér í leiðinni inn fyrstu framhaldsskólaeiningarnar sínar það má segja að mestöll orka deildarinnar hafi farið í knapamerkin þessa mánuði og önnur reiðnámskeið voru ekki á dagskrá á meðan þannig að yngri deildin varð aðeins útundan að því leyti en margir voru hinsvegar duglegir að snúast í kringum systkini og vini á knapamerkjanámskeiðinu og lærðu ýmislegt á því. Eins var í boði að fá einkatíma hjá Rögggu og nýttu ýmsir sér það.



Æskulýðsdagar voru haldnir 13.-15 júní á félagssvæði Blæs. Æskulýðsdagar hafa nokkuð lengi verið árviss atburður í félaginu og á undanförnum árum hefur þátttakan verið jöfn og góð. Í ár tóku rúmlega 30 krakkar á aldrinum 3-13 ára þátt í æskulýðsdögum. Reynir Atli Jónsson var reiðkennari þetta árið og fórst það mjög vel úr hendi. Þó hestamennska og fræðsla tengd henni sé í fyrirrúmi á þessum dögum þá er ýmislegt fleira sér til gamans gert s.s. farið í sundferðir, leiki, sungið, haldnar kvöldvökur, farið í gönguferðir, óvissuferðir og grillað. Listasmiðjur voru alla dagana þar sem unnið var við taumagerð, myndlist og fleira, ungmenni úr leikfélaginu unnu með krökkunum að skemmtiatriðum fyrir kvöldvöku og hestasnyrting og reiðtygjaumhirða var á sínum stað. Síðasta daginn var slegið upp skrautsýningu þar sem stoltir knapar léku listir sínar og sýndu árangur námskeiðsins. Allir voru velkomnir á sýninguna sem var vel sótt og endaði með grillveislu. Æskulýðsnefndin og félagar úr Blæ vinna mikla sjálfböðavinnu á æskulýðsdögum, t.d. þarf að sjá um matinn, vera með í reiðtúrum og gæta krakkanna á nóttunni, flytja þá í sund og á aðra viðburði sem fram fara utan hestasvæðis, auk þess að sjá um allan undirbúning. Krakkarnir dvelja á félagssvæðinu meðan á æskulýðsdögum standur, í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsi Blæs. Öllum krökkum sem geta útvegað sér reiðskjóta er heimil þátttaka á æskulýðsdögum og þátttökugjald er ekkert. Hluti hópsins núna var að stíga sína allra fyrstu skref í hestamenskunni en aðrir voru lengra komnir. Það er alltaf ótrúlega gaman að fylgjast með framförunum sem verða hjá krökkunum á æskulýðsdögum þar sem þau eru allan daginn í reiðtímum, reiðtúrum og hópastarfi tengdu hestum og þar kviknar áhugi hjá mörgum sem annars fengju ef til vill ekki tækifæri til að kynnst hestamensku.



Börn, unglingar og ungmenni settu á starfsárinu svip sinn á mót sem haldin voru á vegum félagsins með þátttöku sinni og sóttu einnig mót í nágrannabyggðum eins og ístölt Austurlands og fleira.

Þriðjungur þátttakenda í haustferð Blæs um nálæga eyðifirði var úr æskulýðsdeildinni, reyndar var ferðin frekar fámenn en tölurnar engu að síður skemmtilegar;)

Til starfsins þetta árið naut æskulýðsdeildin góðra styrkja, til dæmis frá SÚN og Alcoa-Fjarðaáli en auk þess var deildin með eigin fjáraflanir sem gengu vel, t.d. sölu á jólamarkaði Dalahallarinnar og fræsölu á vordögum.

Undanfarin ár hefur verið frekar fámennt í eldri hópum æskulýðsdeildarinnar en nú er að vaxa upp hjá okkur þéttur hópur áhugasamra krakka svo við horfum björtum augum til framtíðar og stefnum að því að reyna að laða til okkar enn fleiri meðlimi á nýju starfsári.

Með bestu kveðju

Æskulýðsnefnd Blæs